Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar

FJARÐABYGGÐ

# S T A R F S L Ý S I N G

**Yfirmenn**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi Fjarðabyggðar

## 1. Meginviðfangsefni

- Ábyrgð á rekstri Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar.
- Þjónusta við notendur Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar.

## 2. Helstu verkefni

- Dagleg umsjón fasteigna Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar.
- Skipulagning á starfsemi og þjónustu íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar í samráði við íþrótta- og tómstundafulltrúa.
- Skipulagning á störfum annarra starfsmanna íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar.
- Uppsetning vakta- og þrifaplans fyrir íþróttamiðstöðina í samráði við íþrótta- og tómstundafulltrúa.
- Skipulagning á útleigu tíma í íþróttamiðstöð og innheimtu gjalda fyrir útleigu á tímum í íþróttamiðstöð.
- Umsjón með tölvuskráningu búnaðar og útleigu á tímum í íþróttamiðstöð.
- Þátttaka í þróunarstarfi og söfnun og greining upplýsinga fyrir Íþróttamiðstöð Reyðarfjarðar í samráði við íþrótta- og tómstundafulltrúa.
- Kynning á Íþróttamiðstöð Reyðarfjarðar í samráði við íþrótta- og tómstundafulltrúa.

### *2.1 Fjármál*

- Ábyrgð á að útgjöld Íþróttarmiðstöðvar Reyðarfjarðar sé innan fjárheimilda og tillögugerð um umbætur á starfsemi og hagræðingu í rekstri eftir því sem færi gefst á.
- Ábyrgð á fjármunum vegna sölu aðgöngumiða og útlána á aðstöðu íþróttamiðstöðvar.

### *2.2 Teymisvinna*

- Þátttaka í starfi forstöðumanna íþróttamiðstöðvanna í Fjarðabyggð og íþrótta- og tómstundafulltrúa.

### *2.3 Samskipti*

- Við forstöðumenn annarra íþróttamannvirkja í Fjarðabyggð.
- Við nemendur og starfsfólk Grunnskóla Reyðarfjarðar.
- Við forstöðumenn íþróttafélaga.
- Við aðra notendur.

### *2.4 Önnur verkefni*

- Önnur verkefni sem íþrótta- og tómstundafulltrúi felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

## 3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

### *3.1 Menntun og reynsla*

- Menntun á framhalds- og/eða háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Þekking á  rekstri og skipulagningu íþróttamiðstöðva.
- Þekking á helstu upplýsingakerfum sem notuð eru í þágu íþróttamiðstöðvar.
- Reynsla af umsjón og rekstri fasteigna.

### *3.2 Hæfnisþættir*

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í samskiptum á öðru tungumáli.

Fjarðabyggð, 12. desember 2017

________________________________________________

forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Reyðarfjarðar

________________________________________________

Bjarki Ármann Oddsson, íþrótta- og tómsundafulltrúi